

Fundargerð 179 fundar stjórnar VM

Haldinn fimmtudaginn 23. nóvember kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Helgi Már Sigurgeirsson, Agnar Ólason og Kristmundur Skarphéðinsson

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson, Tinna Magnúsdóttir og Sigurður Gunnar Benediktsson

Fjarverandi: Símon Guðvarður Jónsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 178

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

2. Orlofsmál

a. Ný hús Laugarvatni

Fulltrúi orlofsnefndar kom inn á fundinn og byggingastjóri kom á fjarfund. Formaður sýndi drög að samningi sem búið er að gera vegna nýrra húsa á Laugarvatni. Byggingastjóri fór yfir stöðuna, búið að ná samningum um fullbyggt hús án lausamuna. Staðan á verkinu sjálfu er sú að um leið og stjórn samþykkir samninginn og hann fær grænt ljós þá verður farið af stað. Búið er að gefa einingaverð í jarðvegsundirbúning og hann verður ekki meira en 3 milljónir. Um leið og grænt ljós kemur þá getur verktakinn sem byggir húsin byrjað, hann ætlar að byggja einingar inni í húsnaði sem hann er með í Hveragerði. Við munum bara að greiða samkvæmt framvindu framkvæmdarinnar. Verktakinn þarf að leggja fram tryggingu. Byggingafulltrúi er búið að koma og búið að setja niður hæla. Þetta eru alveg eins hús og eru á staðnum, afhent með pöllum og potti. Bent var á að það skipti gríðalega miklu máli að þetta séu örugg byggingarsvæði, sagðt vað að það væri tryggt.

b. Einarsstaðir

Staðan á Einarsstöðum er sú að búið er að panta einingar hjá Byko og búið að steypa sökkla og plötu. Byggingastjóri er að fara að senda þeim punkta um það, smá athugasemdir sem hann er með og þarf að laga.

Greidd voru atkvæði um hvort ætti að byrja á Laugarvatni og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. og allt.

c. Sundlaug

Farið var yfir og útskýrt lið fyrir lið kostnað við endurbætur á sundlauginni. Eina sem er eftir er að taka sturtuklefana sjálfa. Verið er að setja rafrænar læsingar sem verða svo tengdar við Frímenn kerfið og lykilorð breytast við hverja leigu. Upplýst var að stefnt væri á að loka pottunum við litlu húsin yfir vetrartímam því það frýs alltaf í lögnum.

d. Njálsgatan, það er búið að selja, þeir sem ætluðu að kaupa óskuðu eftir að fá þetta fært yfir á fyrirtæki og ég spurði hvort það breyttist eitthvað annað og svo er ekki. Borga 47,5 millj. við undirskrift og rest við afsal sem verðu í innan mánaðar.

3. **Íslandsbanki:** Bankastjóri bankans og okkar tengiliður í bankanum komu á fundinn og fóru yfir stöðu bankans, söluna og stöðuna í dag. Síðan var stjórnarmönnum boðið að spyrja spurninga. Margar spurningar komu og sköpuðust góðar umræður. Formaður, þakkaði þeim svo fyrir komuna og þeir yfirgáfu fundinn. Formaður sagði þá, nú eruð þið búnir að heyra í bankastjóra og okkar fulltrúa í Íslandsbanka. Hvar stöndum við núna? Samþykkt var að vera áfram í bankanum.

4. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Þetta hefur verið annasamur mánuður. Mikið fundað hjá ASÍ, bæði í miðstjórn og nefndum. Það voru tveir miðstjórnarfundir, en þeir eru reglubundnir á hálfmánaða fresti. Þá hefur verið fundað bæði í Efnahags- og skattanefnd og í Lífeyrisnefnd, en formaður situr í báðum nefndum. Formannafundur var haldinn í byrjun nóvember þar sem farið var yfir stöðuna og mjög góður samhljómur með fólki. Þegar ASÍ hefur farið sem heild í kjarasamningum þá hefur yfirleitt FLSA farið með samningsumboðið. Þó svo að félögin afhendi FLSA samningsumboðið þá er alltaf hægt að afturkalla það.

Þrátt fyrir góðan samhljóm á formannafundi kom í ljós þegar átti að fara í að útfæra launakröfurnar að það vantaði aðeins upp á taktinn. FLSA hefur fundað fjórum sinnum þar sem er verið að reyna að ná takti í kröfum gagnvart SA. Það er nauðsynlegt til þess að fá stjórnvöld að borðinu. Það er ljóst að allir þurfa að vera með á vagninum ef það á að vera hægt að vinna bug á verðbólgunni. Launafólk, atvinnurekendur, ríkið og einnig bankar, tryggingafélög, verslun, flutningsfyrirtæki og heildsalar. Samninganefndir og fulltrúaráð þurfa að samþykkja áður en samningsumboðið er afhent.

Þá funduðu Fagfélögin með samninganefndum sínum og mætti forseti ASÍ og hagfræðingur ASÍ. Fín yfirferð hjá þeim þó svo að það væru skiptar skoðanir hjá samninganefndunum. Samninganefnd Fagfélaganna hefur verið að funda með SA, kallaðir vinnufundir.

Við erum búin að funda tvisvar með SFS. Næsti fundur er á þriðjudaginn kemur. Helgi spurði hvort búið væri að lesa úr könnuninni sem var í gangi. Formaður sagðist ætla að boða samninganefnd sjómanna á fund í næstu viku til að fara yfir niðurstöður hennar.

Þá höfum við klárað að ganga frá breyttu vaktafyrirkomulagi við Faxaflóahafnir.

Fundað var með vélstjórum á fraktskipum og farið yfir þeirra kröfur en það styttist í þeirra samninga. Orlofsnefndin fundaði einu sinni þá aðallega um stöðuna á Laugarvatni, nýju húsin. Þá var fundað í nefnd sem er á vegum matvælaráðherra og heitir samstarfsnefnd um bættu umgengni um aulindir sjávar. Þar er verið m.a. að fjalla um friðun hafsins sem er alþjóðlegt verkefni.

Stjórnarfundur Fiskifélags Íslands var um daginn og þar er umræða um hvort eigi að leggja félagið niður. Þetta er yfir 100 ára gamalt félag með aðkomu allra sem að fiskeiðum koma, útgerðarmenn, fiskvinnsla, fiskvinnslufólk, og sjómenn en félagið er orðið barn síns tíma. Síðust 10 dagar hafa farið í að losa orlofseignir okkar í Reykjavík, Ölfusborgum og á Laugarvatni.

Þá má líka nefna þing Sjómannasambands Íslands þar sem mér var boðið að ávarpa þingið við setningu ásamt Svandísi Svavarsdóttur, matvælaráðherra, Finnbirni Hermannssyni, forseta ASÍ og Árna Sverrissyni formanni Félags skipstjórarmanna.

Á þriðjudaginn var svo útskrift sveina í hinum ýmsu greinum á Hilton, við áttum tuttugu sveina í vélvirkjun og tvo í rennismíði.

Að lokum við ég minnst á að kl. 17:00 verður fulltrúaráðs- og sjóðsfélagafundur Gildis á Grand Hótel.

5. Lagt fram til upplýsingar

- a. Orlofseignir vegna Grindavíkur, búið að losa allt í Ölfusborgum og fólk komið inn þar. Verið er að losa 2 orlofsíbúðir í Reykjavík og fólk fer að fara inn þar. Enginn hefur viljað fara til Akureyrar en þegar Rauði krossinn er búinn að kortleggja og einhver vill fara norður þá losum við það. Formaður óskaði eftir að fá að vinna þetta áfram og það var samþykkt það sem við getum látið látum við.

6. Önnur mál

- a. **Jólagjafir**, starfsmanna og stjórnar sama upphæð og á síðasta ári. Samþykkt.
- b. Í fyrra var samþykkt líka að gefa einn styrk til hjálparsamtaka og við gáfum kirkjunni 1.100.000. Fagfélögin gefa núna en ekki búið að ákveða hvert verður gefið og talan sennilega um 500 þúsund. Formaður stakk upp á að gefa mismuninn svo til kirkjunnar, þ.e. 600 þúsund.
Stungið var upp á að styrkja núna björgunarsveitirnar sem standa í ströngu. Ákveðið var að lokum að formaður sendi á stjórn þegar ljóst er hvað 2F gera og þá verður tekin ákvörðun
- c.
 - Þak á iðgjöld er búið að skoða það eitthvað, erum að reyna að fá upplýsingar hjá FIT en formaður reiknar með að fá upplýsingar jafnvel fyrir mánaðarmót hvernig SVG útfærir þetta.
 - Minnti á að segja frá stöðunni í samningamálum á heimasíðuna. Formaður segir að hann muni ekki setja inn á síðuna að búið að sé að funda fjórum sinnum með ASÍ og gangi hægt. Einar benti á að það sé mjög mikilvægt að félagsmenn séu upplýstir um gang mála í kjarasamningum.
 - Endurskrif á lögnum félagsins hvar stendur það. Formaður sagðist vera búinn að heyra einu sinni í lögfræðingi og hefði þá sagt honum að við færum örugglega ekki í þetta fyrr en á nýju ári en myndi vilja að nendin hittist í desember. Lögfræðingurinn ætlaði að hugsa málið en síðan hafa þeir ekki heyrst. Formaður sagðist hafa samband við hann á næstu dögum.
 - Er ekki rétt að við séum bara með 2 og hálfan starfsmann og formann í vinnu hjá VM. Svarið er jú það er rétt.
 - Njálsgatan, ósáttur við 101 Reykjavík. Sigurður Gunnar óskaði eftir að það væri bókað að hann væri á móti sölunni. Formaður benti á að meirihluti stjórnar var búinn að samþykkja söluna.

- Fundargerðir frá 2F fundunum verða þær ekki gerðar opinberar. Formaður sagði að það hefði ekki verið rætt.

Fundi slitið 12: 48